

## Spurningar fjárlaganefndar - FAUK

Hvert er kaupverð Hótel Sögu?

- Kaupverðið er 4.895 m.kr. Miðað er við að ríkissjóður og Félagsstofnun stúdenta kaupi sameiginlega. Eignarhlutur ríkissjóðs er 73% og hlutdeild í kaupverði er því 3.573 m.kr.

Jarðarinnar Mið-Fossa í Borgarbyggð?

- Gert er ráð fyrir að kaupverðið sé um 420 m.kr.

Hvað gera áætlanir ráð fyrir að það kosti að breyta Hótel Sögu þannig að húsnæðið þjóni að fullu þörfum menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Félagsstofnunar stúdenta? Hver er áætlaður breytinga-endurbóta- og viðhaldskostnaður á hvern fermetra hússins?

- Áætlaður endurbótakostnaður á þeim hluta sem tilheyrir ríkissjóði er um 3 ma.kr.
- Heildarfasteignin er um 18 þús. fermetrar að stærð. Ríkissjóður mun eignast 13 þús. fermetra í byggingunni. Áætlaður endurbótakostnaður er því um 230 þús. kr. á fermetra.

Hvaða áhrif mun það hafa á viðhalds- og endurbótaáætlun fasteignafélags háskólans að standa straum af óvæntum útgjöldum vegna breytinga á hótelinu?

- Í 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins hefur verið óskað eftir lántökuheimild fyrir Fasteignir Háskóla Íslands ehf. fyrir allt að 3,5 ma.kr. sem mun bera ábyrgð á endurbótunum. Einkum er gert ráð fyrir að fjárhæðin verði nýtt til endurbóta á Hagatorgi 1 sem tekin verður undir starfsemi menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þar af er gert ráð fyrir að dregið verði á lánið að hámarki 1,5 ma.kr. á árinu 2022 og afgangur dreifist yfir árin 2023-2024.
- Fasteignafélagið er að öðru leyti fjármagnað á grundvelli láns samning við ríkissjóðs sem veitt verður við flutning fasteigna til félagsins. Leigutekjur félagsins standa straum af öllum fjármagnskostnaði þeirra lána sem og rekstri og viðhaldi fasteignasafnsins.

Hver er áætlaður árlegur leigukostnaður Háskólans af fasteigninni og hvert er núvirði hans?

- Árlegur leigukostnaður af Hagatorgi 1 eftir endurbætur er 466 m.kr. sem er núvirt 6.896 m.kr.

Óskað er eftir örstuttri lýsingu á því hvernig nýtingarkostnaður sýnir framá að kaupun, breytingarnar og rekstur eignarinnar sé hagkvæm lausn.

- Áætlaður stofnkostnaður við nýbyggingu undir menntavísindasvið er um 800-850 þús.kr. á fermetra. Ef ákveðið yrði reisa 13 þús. fermetra byggingu myndi það samsvara um 10-11 ma.kr. Nýbygging sem væri sérsniðin undir starfseminu yrði þó líklegast eitthvað minni en þó er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við slíka framkvæmd yrði að lágmarki í kringum 6,5-7 ma.kr.
- Kaupverð ríkissjóðs ásamt áætlunum endurbótakostnaði er um 6,5 ma.kr. eða sem samsvarar 500 þús. kr. á fermetra. Það að flytja menntavísindasvið inn á háskólasvæði HÍ hefur einnig rekstrarlega hagræðingu í för með sér, þar sem hægt er að samnýta aðra þjónustu innan háskólans.
- Með kaupunum er einnig verið að tryggja háskólanum yfirráð yfir heildstæðu svæði sem nær frá Suðurgötu yfir til Hagatorgs og auk þess fylgir byggingarréttur með eigninni sem væri hægt að nýta til framtíðar til frekari uppbyggingar fyrir starfsemi háskólans. Af þessum sökum er talið að um álitlegan kost sé að ræða að því gefnu að endurbótakostnaður haldist innan marka.